

Miðvikudaginn 13. júní 1923.

Nr. 14/1923.

**Eigendur Sólheimatungu með
Norðurkoti og Suðurkoti**

(M. Guðmundsson)

gegn

**eigendum Svignaskarðs
með Fróðhúsum**

(Pjetur Magnússon).

Landamerkjamála.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. ágúst 1922: Svignaskarði með Fróðhúsum tilheyri öll laxveiði í Gljúfurá frá því að Hópið fellur í hana og alla leið fyrir Sólheimatungu landi alt þar til lönd Sólheimatungu og Hauga mætast. Dagpeningar, fæðis- og ferðakostnaður dómendanna ákveðst 20 kr. á dag. Kostnað af dómþingi þessu kr. 97,00 greiði eigendur Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti, Jónas E. Jónsson, Jón Björnsson frá Bæ, Jón Björnsson frá Svarfhóli og Jósef Björnsson in solidum. Að öðru leyti falli málskostnaður niður. Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að merki það, Gróf eða Græfralækur, sem áfrýjendurnir lögðu eitt undir álit landamerkjadómsins sem takmark fyrir einkalaxveiðirjetti stefnda í Gljúfurá að neðanverðu, ekki getur komið til greina og með því að laxveiði hefir, samkvæmt framburði vitna, um langt skeið fram á síðustu ár, verið notuð frá Svignaskarði og Fróðhúsum alla leið niður að Hópi, þá brestur heimild til að hrinda merkjadóminum.

Verður því að staðfesta dóminn og þá jafnframt skylda áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað

fyrir hæstarjetti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Merkjadóminum skal óraskað. Áfrýjendurnir, Jónas E. Jónsson, Jón Björnsson frá Bæ, Jón Björnsson frá Svarfhóli og Jósef Björnsson, greiði stefnda, Guðmundi Daníelssyni, f. h. eigenda Svignaskarðs og Fróðhúsa, einn fyrir alla og allir fyrir einn, 150 króna málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um laxveiði í Gljúfurá milli jarðanna Svignaskarðs með Fróðhúsum og Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti.

Eigendur Svignaskarðs með Fróðhúsum hafa gjört þær kröfur, að þeim verði tildæmd öll veiði í Gljúfurá frá því að Hópið fellur í hana og alla leið fyrir Sólheimatungu landi alt þar til er lönd Hauga og Sólheimatungu mætast og að þeim auk þess verði tildæmdur allur kostnaður, er af málinu leiðir.

Eigendur Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti hafa hinsvegar gjört þær kröfur, að málinu verði vísað frá og eigendur Svignaskarðs með Fróðhúsum sektaðir fyrir óþarfa málsýfingu og að þeim auk þess verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu, en til vara hafa þeir krafist þess að þeir verði sýknaðir af kröfu eigenda Svignaskarðs með Fróðhúsum um rjett til veiði í Gljúfurá.

Hvað frávisunarkröfu Sólheimatungu- Norðurkots- og Suðurkotseigenda snertir, þá verður hún ekki tekin til greina þar sem mál þetta rjettilega heyrir undir úrskurð landamerkjadóms.

Í máldaga Stefáns biskups á rskj. 4 b, máldaga Gísla biskups á rskj. 5 og máldaga Vilchins biskups á rskj. 6, segir svo, að hálfkirkjan í Svignaskaði eigi laxveiði í Gljúfurá frá Kjarkalæk og Kiðamúlaós og þaðan hálfa veiði til Djúpavaðs.

Ennfremur segir í máldaganum á rskj. 4 b, að Svignaskarðs-kirkja eigi og kerstöðu í greindri Gljúfurá og alla veiði í keri eða teinum.

Máldögum þessum hefir ekki verið mótmælt, enda eru þeir löggiltir, að minsta kosti máldagarnir á rskj. 5 og 6, og verður því að leggja þá til grundvallar fyrir úrslitum málsins og verður ekki talið að lögfesta sú fyrir Sólheimatungu landi á rskj. 20, er lögd hefir verið fram, haggi ákvæðum þeirra.

Hinsvegar greinir aðila á um hvar hinn svonefndi Kjarkalækur sje.

Svignaskarðseigendur halda því fram að það sem nú er kallað Hóp og rennan úr því yfir í Gljúfurá sje ósar hins forna Kjarkalækjar, en Hópið er myndað af tveim lækjum og á annar þeirra (sem kendur er við Laxholt, Galtarholt og Eskiholt) upp-tök sín nálægt svonefndum Kjarka- eða Karkamúla og halda Svignaskarðseigendur því fram að eitthvert samband sje milli múlans og hins samnefnda forna Kjarkalækjar.

Sólheimatungueigendur neita því hinsvegar að þetta sje hinn forni Kjarkalækur, en hafa bent á gróf í melbarði, skamt fyrir neðan Kíðamúlaós, sem þeir telja líklegt, að sje Kjarkalækur og styðja þá skoðun sína ennfremur við það, að það sje tekið fram í máldaga Stefáns biskups að Svignaskarð eigi kerstöðu í Gljúfurá og alla veiði í keri, en slíkt ákvæði hafi verið óþarft ef Svignaskarð ætti alla veiði yfir ána og hljóti því Kjarkalækur að hafa fallið í Gljúfurá ofar en kerveiðin hafi verið stunduð, en það hafi hann ekki gjört ef hann hafi fallið eins og Svignaskarðseigendur hafa haldið fram. Halda þeir því þess vegna fram að mál þetta sje þeim óviðkomandi þar sem grófin, er þeir benda á sem Kjarkalæk, sje ofar en land þeirra nær eða í landi Hauga. En á þetta verður ekki fallist. Gróf sú er Sólheimatungueigendur hafa bent á sem Kjarkalæk er ekki unt að álíta að hafi nokkurn tíma verið lækur og því aldrei hafi getað borið nafnið Kjarkalækur. Einnig er á það að líta, að spölurinn frá gróf þessari upp að Kíðamúla er svo stuttur að lítt hugsanlegt er að nokkrum hafi dottið í hug að fara að leggja alla veiðina undir Svignaskarð á svo stuttum spöl og það því síður sem áin virðist lítt fallin til veiða á þeim kafla. Hvað hinu atriðinu viðvikur um kerstöðuna þá þurfti að taka hana sjerstaklega fram í máldaganum enda þótt Svignaskarð ætti alla veiði í ánni á þeim stöðvum, því að öðrum kosti hefði ótakmörkuð kerveiði verið óheimil, þar sem veiðin í Gljúfurá

tilheyrir öðrum ofar. Samkvæmt þessu er það því samhuga álit dómendanna að Kjarkalækur verði að teljast að hafa fallið í Gljúfurá þar sem Hópið rennur í Gljúfurá.

Af þessum ástæðum, sem ennfremur eru styrktar með fram-
burði vitna og öðrum gögnum, sem fram hafa komið af hendi Svignaskarðseigenda, að veiðin hafi fram á síðustu ár að eins verið stunduð frá Svignaskarði, verða dómendurnir að fallast á kröfur Svignaskarðseigenda um að öll laxveiði í Gljúfurá frá því að Hópið fellur í hana og alla leið að Sólheimatungu landi alt þar til er lönd Sólheimatungu og Hanga mætast, tilheyrir Svignaskarði með Fróðhúsum.

Krafa eigenda Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti um að eigendur Svignaskarðs með Fróðhúsum verði sektaðir fyrir óþarfa málsýfingu verður ekki tekin til greina. Dagpeningar, fæðis- og ferðakostnaður dómenda ákveðst 20 kr. á dag.

Kostnað af dómþingi þessu kr. 97,00 greiði eigendur Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti Jónas E. Jónsson, Jón Björnsson frá Bæ, Jón Björnsson frá Svarthóli og Jósep Björnsson in solidum. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Mánudaginn 18. júní 1923.

Nr. 52/1922.

Gestur Guðmundsson

(Björn P. Kalman)

gegn

Ólafi Blöndal f. h. verslunar

Tang & Riis, Skógarnesi

(Pjetur Magnússon),

útaf verðlagi á útlendum nauðsynjavörum hjá versluninni árin 1919 og 1920 og uppbót á verðinu þau árin.

Dómur gestarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 15. sept. 1921: Stefndi, Gestur Guðmundsson, bóndi á Rauðamel ytri í Eyjahreppi, greiði stefnanda, Ólafi versl-